

Hólmavík 1. Nóvember 2021

Ályktun stjórnar foreldrafélags leik- og grunnskóla Hólmavíkur.

Stjórn foreldrafélagsins lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun sveitarstjórnar að skera niður tónlistarkennslu í grunn- og leikskóla Hólmavíkur. Þessi niðurskurður bitnar ekki hvað síst á yngstu nemendum skólans, á mikilvægustu mótunarárunum, þegar kemur að tónlistarkennslu og mörg hver búið að læra á hljóðfæri hátt í 4 ár. Stjórnin hefur skilning á því ástandi sem nú ríkir og að hagræðingar séu nauðsynlegar, en þessar aðgerðir bitna eingöngu á börnunum. Stjórninni finnst það miður að byrja þurfi niðurskurð á þessu sviði á meðan annar niðurskurður er ekki sýnilegur íbúum. Öflugt tómstundalíf er ein aðalforsenda þess að laða að fjölskyldur með börn og þessi ákvörðun sveitarstjórnar vinnur þvert gegn því markmiði.

Strandabyggð hefur í áraraðir getað státað sig af fjölbreyttu tónlistarlífi. Í ljósi þess hvetur stjórn foreldrafélagsins sveitarstjórn til að kynna sér mikilvægi tónlistarnáms, mikilvægi þess í samfélaginu og sem aðdráttarafli fyrir nýja íbúa.

Strandabyggð má ekki við frekari brottflutningi fólks af svæðinu vegna skorts á tónlistarnámi, sem í dag er gjarnan talið með grundvallar lífsgæðum.

Samþykkt á stjórnarfundi foreldrafélagsins mánudaginn 1. Nóvember 2021